Jöklarannsóknafélag Íslands

Fréttabréf

Nr. 40 Október 1992

HAUSTFUNDUR

Haustfundur félagsins verður haldinn 27. október 1992 kl. 20:30 í matsalnum Tæknigarði, Dunhaga 5.
Á dagskrá verður:

1. Breiðamerkurjökull, niðurstöður íssjármælinga. *Helgi Björnsson*
2. Kaffi
3. Myndir úr vetrarferðum. *Vilhjálmur Freyr Árnason og Magnús Björnsson*

BREIÐAMERKURJÖKULL
NIÐURSTÖÐUR ÍSSJÁRMÆLINGA

Haustfundur félagsins verður haldinn þriðjudaginn 27. október 1992 í Tæknigarði. Þar mun Helgi Björnsson flytja fyrirlestur um niðurstöður nýlegra rannsókna á Breiðamerkurjökli, sem unnar voru af Raunvísindastofnun, Vegagerð og Landsvirkjun. Vorið 1991 var gerður leiðangur á Breiðamerkurjökul í þeim tilgangi að fá fram kort af yfirborði og botni jökulsins svo að fram kæmi landslag undir honum og rennslisleiðir íss og vatns niður að jökulsporði og jökulánum á Breiðamerkursandi.

Af niðurstöðum vekur sérstaklega athygli að undir austasta hluta Breiðamerkurjökuls, upp af Jökulsárlóni, er land undir sjávarmáli í um 20 km langri rennu, 2-5 km breiðri. Á miðjum jöklinum, milli randanna frá Esjufjöllum og Mávabyggðum, er landhæð yfir sjávarmáli, en undir vesturhluta jökulsins skerast þröngir dalir inn að rótum Öræfajökuls.

Helgi Björnsson

KÖNNUN Á AFKOMU OG HREYFINGU Á VATNAJÖKLI.

Síðastliðið sumar unnu jöklafélagar á Raunvísindastofnun og Landsvirkjun að mælingum á afkomu og hreyfingu á Síðujökli, Tungnaárjökli, Köldukvíslarjökli og Dyngjujökli, auk Grímsvatnasvæðisins. Afkoma var mæld með borunum og hreyfing með GPS-tækjum. Af niðurstöðum má nefna að vestan í Háubungu, í 1600 m hæð, jafngilti afkoma í lok jökulárs 5700 mm af vatni, en 3500 mm í 1950 m hæð á Bárðarbungu. Hér var um að ræða heildarúrkomu á árinu vegna þess að engin heildarleysing reyndist þar á þessu kalda sumri. Frost var enn í botni holunnar á Bárðarbungu! Í Grímsvötnum var afkoman 2100 mm en í vorferð Jöklarannsóknafélagsins í júní var vetrarsnjórinn 2800 mm.

Niðurstöður mælinga á hreyfingu voru einnig mjög athyglisverðar. Undanfarin ár hafa jöklarnir ekki hreyfst nægilega hratt til þess að bera fram þá afkomu sem á þá hefur safnast. Því hafa þeir orðið stöðugt brattari og stefnt í framhlaup þeirra. Nú hefur hreyfing Tungnaárjökuls og Síðujökuls hins vegar aukist verulega og á næstu mánuðum mun fylgst náið með því hvort framhlaup er að hefjast. Sporður Tungnaárjökuls er enn flatur og ekki farinn að skríða fram, en stendur þó um 30 m framar en s. l. haust við mælingalínu austur frá Nýjafelli.

Helgi Björnsson

SNJÓASUMAR

Síðastliðið sumar var tekið til þess hve óskaplega mikið leysti á jöklum. Kom þar til óvenju hlýtt sumar og einnig svört öskudreif frá janúargosi í Heklu sem dró í sig hita úr geislum sólar og bræddi þar af leiðandi til muna meira en sumarhitinn hefði ella megnað.

Nú snýr allt öndvert. Sumarið var í kaldara lagi og því ekki að búast við að jöklar bráðnuðu mikið. Ofan á það bættist að mikil kuldaköst gerði um Jónsmessu og aftur í lok ágúst með snjókomu ofan í byggð á Norðurlandi. Þar fyrir utan var þrálát norðan átt með aftaka úrkomu norðanlands og sífellt snjóaði í fjöll og á jökla. Þannig voru jöklarnir einkum norðanvert nánast alhvítir í allt sumar og geislun hvarf aftur út í geim og tók með sér mest af orkunni í stað þess að bræða jöklana.

Ákoma á Hofsjökul norðanverðan var nærri meðallagi síðastliðinn vetur eins og veturinn þar á undan, en leysingin var hins vegar aðeins fjórðungur af því sem var í fyrra sumar. Jókst því við jökulinn heill metri af vatni að jafnaði. Það dugði þó ekki til að vega upp tapið frá í fyrra sem var hálfur annar metri.

Efst á Hofsjökli þurfti að bora 10 m niður til að komast niður í snjó frá í fyrra. Kjarninn úr borholunni var veginn og kom þá í ljós að hann hafði ekki náð að blotna í sumar nema niður á rúmlega 8 m dýpi. Það þýðir að ekkert af sumarúrkomunni hefur náð að leka niður úr snjólagi síðasta vetrar og liggur því ársúrkoman nær óskert á þessum stað. Afar lítið af snjó skefur út af flötum kolli jökulsins. Samkvæmt þessu mældist úrkoman 5,5 m frá 11. september 1991 til 21. september 1992. Þykir mér trúlegt að ekki hafi áður mælst jafnmikil ársúrkoma á

Íslandi og einnig að hér sé um nákvæmari mælingu að ræða en hefðbundnar úrkomumælingar á veðurstöðvum.

Oddur Sigurðsson

HLAUPÁR

Nú er hlaupár í tvennum skilningi. Í fyrsta lagi eru 366 dagar árið 1992 og í öðru lagi hefur verið gangur í óvenju mörgum jöklum í ár.

Framhlaup Skeiðarárjökuls entist langt fram á síðast liðinn vetur og í sumar hefur verið gangur í þeim hluta hans sem kemur niður á milli Þórðarhyrnu og Háubungu.

Á veturmánuðum hljóp Þjórsárjökull sunnanverður fram um 200-300 m. Í mars og apríl 1992 hljóp Köldukvíslarjökull sunnanverður ofan í Hvítalónslægðina og stíflaði þar aftur upp lón sem tæmdist 1989. Í sláturtíðinni hljóp svo Múlajökull fram eftir aðeins 6 ára hlé og er enn á sprettinum ef að líkum lætur. Mældist Leifi Jónssyni að jökuljaðarinn væri kominn 50 m fram þann 26. september. Bragi Skúlason jöklamælingamaður á Sauðárkróki hafði orð á því eftir mælingu á Sátujökli (norðanverðum Hofsjökli) í haust að jaðarinn þar væri orðinn óvenju brattur ofantil. Það kemur væntanlega í ljós á næstunni hvort þar er venju fremur mikil hreyfing á jöklinum.

Nú á dögunum urðu Helgi Björnsson og félagar varir við óvenju mikið skrið á stöngum á Tungnaárjökli sem voru einnig mældar í vor (sjá grein Helga hér að framan). Of snemmt er að segja til um það enn hvort þar er hafið framhlaup.

Oddur Sigurðsson

ÁRSHÁTÍÐ

Árshátíð JÖRFÍ 1992 verður haldin 30. október n.k. í

SKÍÐASKÁLANUM Í HVERADÖLUM

Rútuferð frá Kringlukránni kl. 19:00 og til baka kl. 1:30. Miðar kosta 4.000 kr. (rútuferðir innifaldar) og verða seldir hjá Valda rakara, Rakarastofunni Dalbraut 1 og á haustfundi félagsins 27. október.

Útg. JÖRFÍ, Pósthólf 5128, 125 Reykjavík /Ábm. Oddur Sigurðsson

Fjölritunarstofa
Daníels Halldórssonar